



# Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

## Fundargerð

Fundur nr.110 haldinn á skrifstofu Skaftárhrepps Klausturvegi 10, þriðjudaginn 12.maí 2015 klukkan 15:00. Mætt eru til fundarins Kristbjörg Hilmarsdóttir formaður nefndarinnar, Guðbrandur Magnússon, Davið Andri Agnarsson, og Guðmundur Vignir Steinsson varamaður fyrir Jóhannes Gissurarson ásamt Vigfús Þór Hróbjartsson fulltrúi skipulags –og byggingarmála. Páll Jónsson boðar forföll og náði ekki varamanni inn í sinn stað.

### Dagskrá:

### Skipulagsmál:

#### 1. Aðalskipulags Skaftárhrepps – Beiðni

Benedikt Lárusson óskar eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Skaftárhrepps í samræmi við framlagt erindi sem barst Oddvita Skaftárhrepps. Í beiðninni felst að svæði skilgreint sem þjónustusvæði og ætlað fyrir stækkun hjúkrunarheimilis verði skilgreint sem svæði fyrir tjaldsvæði.

*Nefndin fellst á að innan tillögu aðalskipulagsbreytingar verði gert ráð fyrir að skilgreind lóð tjaldsvæðis verði flokkuð sem Ú4 opið svæði til sérstakra nota.*

#### 2. Tillaga að aðalskipulagsbreytingu Kirkjubæjarklaustri.

Lagt er fyrir nefsndina tillaga að aðalskipulagsbreytingu á þéttbýlisupprætti gildandi aðalskipulags Skaftárhrepps 2010-2022. Viðfangsefni breytinganna eru:

- Svæði V-3, S-6, S-7 og hluti ÍB-4 er breytt í miðsvæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustustofnum og möguleika á íbúðum.
- Afmörkun ÍB-4 verður breytt og hluta þess breytt í landbúnaðarsvæði eins og það var skilgreint í eldra skipulagi.
- Reitur fyrir þjónustustofnun (S-11) er færður til og stækkaður þar sem gert er ráð fyrir þekkingarsetri á Kirkjubæjarklaustri.
- Reitur Ú-2 opið svæði til sérstakra nota breytist til samræmis við S-11.
- Svæði V-4 verslunar- og þjónustusvæði verður fellt niður.
- Nýtt efnistökusvæði E2.
- Iðnaðarsvæði I-2 sem áður var sorporkustöð verður fellt niður þ.s. búið er að loka stöðinni.
- Reitur fyrir þjónustustofnun S-9 verður breytt í iðnaðarsvæði fyrir gámvöll.
- Nýtt svæði Ú-11 fyrir íþróttavöll í tengslum við núverandi íþróttahús og sundlaug.
- Svæði Ú-4 stækkuð á tjaldsvæði.
- Svæði S-5 afmörkun minnkar.

*Tillagan er samþykkt til auglýsingar samkv. 31.gr.skipulagslagar nr.123/2010. Hún verði send til umsagnar viðeigandi umsagnaraðila. Nefndin leggur til að bætt verði við umfjöllun um fráveitumál innan aðalskipulagsbreytingarinnar. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málinu.*

JKH

### **3. Tjaldsvæði Kirkjubæ – Deiliskipulag**

Lagt er fram deiliskipulag fyrir tjaldsvæðið Kirkjubæ II.

*Skipulags –og byggingarnefnd samþykkir að tillagan verði auglýst samkv. 41.gr.*

*skipulagslaga nr.123/2010. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málínus.*

### **4. Lóðarstofnun – Skaftárvellir**

Skaftárhreppur sækir um leyfi fyrir stofnun raðhúsalóða við Skaftárvelli 24 og 26 samkvæmt samþykktu deiliskipulagi svæðisins.

*Nefndin gerir ekki athugasemdir við stofnun þessara lóða. Leitað verði samþykkis landeiganda. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málínus.*

### **5. Aðkeyrsla um Klausturveg 13 – Beiðni**

*Guðmundur Vignir Víkur af fundi.*

Systrakaffi ehf. óskar eftir leyfi til að breyta akstursleið um bílastæði Klausturvegi 13 samkv. meðfylgjandi uppdrætti. Viðkomandi breytingar eru innan lóðar Klausturvegar 13.

*Nefndin gerir ekki athugasemd við að akstursleið verði breytt í samræmi við framlagan uppdrátt. Lagt verði fram samþykki annarra eigenda Klausturvegar 13 og 10 fyrir framkvæmdum.*

*Guðmundur mætir aftur á fundinn.*

## **Byggingarmál.**

### **6. Mýrar 2 – Íbúðarhús**

Rúnar Þorri Guðnason sækir um byggingarleyfi fyrir byggingu íbúðarhúss á lóð Mýrar 2 – landnúmer - 222819

*Byggingaráform samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málínus.*

### **7. Byggingarleyfi – Selhólavegur 10**

Erla Ósk Sigurðardóttir Færseth kt.2303592109 og Kristján Sumarliði Guðmundsson kt. 0510565829 sækja um leyfi fyrir byggingu 105 m<sup>2</sup> sumarhúss að Selhólavegi 10 landnr. 175454 samkv. meðfylgjandi uppdráttum.

*Byggingaráform samþykkt. Fulltrúa skipulags –og byggingarmála falið að ljúka málínus. Nefndin leggur áherslu á að deiliskipulag svæðisins verði uppfært hið fyrsta.*

Ekki fleira gert. Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. **16:00**

